





BASKASETUR



1 Við hvalveiðarnar notuðu Baskar litla báta sem þeir nefndu txalupa. Þeir reru þeim frá skipum sínum til að skutla hvalina. Um borð voru sex menn með skutlara og stýrimanni. Bátarnir voru einnig nýttir til að róa til lands úr skipunum. Baskarnir sem voru skipreika 1615 reru á txalupa bátum fyrir Horn, inn í Jökulfirði og Ísafjarðardjúp og Dyrafjörð og alla leið til Patreksfjarðar.


[THE BASQUE WHALING BOAT - Albaola](#)

2 Í minningu Baska sem voru vegnir 1615 og Jón Guðmundsson lærði nafngreinir í *Sannri frásögu af spanskra manna skipbrotum og slagi* og aðrir sautján ónafngreindir.




3 Til eru í handriti basknesk-íslensk orðasöfn sem talið er að hafi verið tekin saman á Vestfjörðum á 17. öld. Tilefni orðasafnanna virðist hafa verið verslun. Þrjú þeirra eru varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar.

[Basknesk-íslensk orðasöfn | Árnastofnun](#)
[Basknesk-íslenskt blendingsmál - Wikipedia, frjálsa alfræðiritið](#)



4 Bæn hvalfangara í upphafi veiðiferðar eftir baskneska sálmaskáldið Joanes Etzeberri (ca. 1580-1665?), 1627.



5 Líkan af hvalstöð, unnið upp úr rannsóknum á Strákatanga í Hveravík, Steingrímsfirði. Hvalstöðin var upprunalega byggð af Böskum á fyrri hluta 17. aldar.

[The Strákatangi Whaling Project in Strandasýsla: An Archaeological Site in the Westfjords - Háskóli Íslands - University of Iceland](#)

6 Kort af Baskalandi á 17. öld.

[BIZKAIA.EUS - Nova et Exactissima Descriptio nobilis provinciae Guipuscouae](#)



7 Íslandssléttbakur var helsta bráð baskneskra hvalveiðimanna við strendur Íslands á 17. öld, Sléttbakur er fimm sinnum stærri en þetta líkan sem hér er.

[Sléttbakur - Wikipedia, frjálsa alfræðiritið](#)


8 Samtímateikning af San Sebastián á 17. öld og hluti Íslandskorts frá sama tíma sem er varðveitt á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

[Íslandskort.is/map/604](#)
[SANCT SEBASTIANUM](#)




9 Á þessu korti er atburðarás Baskavíganna 1615 rakin með myndrænum hætti. Einnig er hægt er að hlusta á formála Sannrar frásögu af spanskra manna skipbrotum og slagi eftir Jón Guðmundsson lærða (1574-1658).

[Baskavínafélagið á Íslandi - Íslenska](#)



Teikningar á súlum eru vísanir í myndlýsingar í handriti Jóns lærða sem er varðveitt á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

[JS 401 XI a-e 4to | Handrit.is](#)



Saga Baska á Íslandi

Talið er að Baskar hafi verið fyrsta þjóðin til að nýta hvali í atvinnuskyni og þeir einokuðu hvalveiðar á miðöldum. Á árunum 1604-1608 hófu þeir hvalveiðar við Vestfirði og árið 1615 voru sextán basknesk hvalveiðiskip við veiðar á Ströndum. Á þessu tímabili voru sjóræningjar algengir og Íslendingar á varðbergi gagnvart hörundsökkum sjómönnum.

Árið 1615 strönduðu og brotnuðu þrjú basknesk hvalveiðiskip í öveðri í Reykjarfirði á Ströndum og í kjölfarið hófst atburðarás sem er einstök í Íslandssögunni með dauða 31 af skipbrotsmönnum. Þessir atburðir tengdu þessar tvær smáþjóðir sterkum böndum.

Snemma sumars 1615 sáu st mörg hvalveiðiskip við Hornstrandir, flest þeirra héldu í burtu en a.m.k. þrjú þeirra urðu eftir við veiðar. Þau skip fórust í ofsaveðri þann 21. september 1615 í Ytri Naustvík, Reykjarfirði á Ströndum. Skipstjórar þeirra hétu Pétur de Aguirre, Stefán de Tellaria og Marteinn de Villafranca. Hafís sem lónað hafði úti fyrir rak inn fjörðinn og braut skip þeirra Péturs og Stefáns. Skip Marteins rak upp í fjöru og brotnaði þar. Þrír skipverjar fórust en það tókst að bjarga einhverjum varningi. Nokkrir litlir hvalveiðibátar voru enn uppi á landi þegar skipin fórust og 82 eða 83 skipbrotsmenn lifðu af.

Samskipti Baska og Íslendinga

Baskar sáu st hér fyrst við Ísland í upphafi 17. aldar. Þeir stunduðu hér hvalveiðir á árunum 1613-1615. Í Evrópu einkenndust þessir tímar af trúarbragðaátökum, erfðastríðum, siglingum og sjóránum. Sjóræningjar, sem oft stöfuðu með skjalfestu leyfi sinnar krúnu, voru þekktir fyrir að þykjast vera aðrir en þeir voru og spilla fyrir samskiptum þjóða. Ástæða var til að óttast þá og það kom fyrir að hvalveiðimönnum var ruglað saman við sjóræningja. Án efa hefur einokun Danakonungs á hvalveiðum og ákvörðun hans árið 1615 um að dæma afbrota-menn til dauðarefsingar, stuðlað að spennu í samskiptum.

Heimildir segja frá erjum milli Íslendinga og Baska og kvartað var undan „stráxsskap“ Baskanna. Íslendingum, sem voru upp til hópa bláfátækir og oft kúgaðir leiguliðar landeigenda, þótti Baskarnir full frjálslegir í fasi enda voru þeir samkvæmt lögum og samningi við eigin krúnu frjálsir menn og með forréttindi. Sagt er að einhverjir Íslendingar hafi stolið frá Böskum og síðan borið er fyrir sig tungumálaerfðeika þegar að greiða átti úr slíkum málum. Heimildir segja að Baskarnir hafi boðið bændum að koma til hvalskurðar og taka eins mikið kjöt og þeir gátu borið en þeir vildu helst fá eitthvert smáræði fyrir, fremur en ekkert. Hvalveiðimennirnir sóttust eftir að kaupa kindur og nautgripi til matar en var stundum neitað um viðskipti. Þeir gripu þá stundum til þess að taka það sem þá vantaði. Til eru í handriti basknesk-íslensk orðasöfn sem talið er að hafi verið tekin saman á Vestfjörðum á 17. öld. Tilefni orðasafnanna virðist hafa verið verslun.

Hvalveiðar Baska

Baskar byrjuðu snemma að nýta sér afurðir hvala. Elsta ritaða heimildin nær aftur til 9. Aldar, en hvalveiðar voru þá þegar fullgild atvinnustarfsemi. Megintilgangurinn með hvalveiðum var öflun lýsis úr spikinu sem var mikilvægur ljósgjafi. Á miðöldum var lýsið einnig notað í kerta- og sápugerð. Hvalveiðar virðast vera orðinn sjálfstæður atvinnuvegur í Baskalandi á 12.-13. öld. Baskar sóttust helst eftir að veiða sléttbak. Eftir landafundi Ameríku barst til Evrópu vitneskja um gjöful fiskimið við Nýfund-naland. Á árunum 1530- 1600 sendu Baskar þangað að jafnaði 30 hvalveiðiskip á ári. Helsta hvalveiðistöð Baska á þeim slóðum var Red Bay á suðurhluta Labrador. Undir lok 16. aldar dró úr sókn Baska

þangað og er ástæðan helst talin vera fækkun í hvalastofninum, og stjórnmálaaðstæður í Evrópu. Við upphaf 17. aldar hófu Bas- kar og fleiri því að leita nýrra hvalaslóða sem leiddi þá m.a. til Svalbarða, Norður-Noregs og Íslands. Þegar komið var á veiðislóð var fundið gott skipalægi, hlaðinn þar bræðsluofn og reist skýli yfir. Í þeim tilgangi tóku Baskar með sér að heiman nagla, leir og tígulsteina.